



Fréttatilkynning  
frá  
skrifstofu forseta Íslands

## FUNDUR FORSETA ÍSLANDS OG AL GORE UM AÐGERÐIR GEGN LOFTSLAGSBREYTINGUM

Forseti Íslands Ólafur Ragnar Grímsson átti í gær fund með Al Gore fyrrum varaforseta Bandaríkjanna um aðgerðir gegn loftslagsbreytingum. Fundurinn fór fram á samráðsþingi Clintons, fyrrverandi Bandaríkjaforseta sem haldið er í New York en forseti Íslands og Al Gore sækja báðir þingið.

Al Gore þáði á fundinum boð forseta Íslands um að koma bráðlega í heimsókn til Íslands til að kynna sér árangur Íslendinga á sviði endurnýjanlegrar orku, alþjóðlegt tilraunaverkefni um eyðingu koltvísýrings úr andrúmsloftinu sem fram mun fara á Íslandi á næstu árum og jafnframt til að ræða breytingar í hafinu umhverfis Ísland, bæði á hafstraumum og í lífríki hafsins. Þá mun Al Gore halda opinberan fyrirlestur í boði forseta Íslands.

Al Gore er tvímælalaust einn áhrifamesti talsmaður veraldar um brýna nauðsyn þess að bregðast við hættunni af loftslagsbreytingum. Nýleg kvikmynd hans hefur vakið heimsathygli og var sýnd á nýliðinni kvikmyndahátíð á Íslandi.

Á fundi hans og forseta Íslands var fjallað um fjölmörg verkefni á sviði orkunýtingar og vísindarannsókna sem Íslendingar hafa ýmist haft frumkvæði að eða unnið að í samvinnu við virtar vísindastofnanir í veröldinni.

Þá lýsti forseti Íslands samvinnuverkefnum um nýtingu jarðhita sem Íslendingar standa að í samvinnu við þjóðir víða um heim og kynnti Al Gore áform um frekari sóknarfæri á því sviði, hvernig hægt væri að nýta þá víðtæku reynslu sem Íslendingar hafa aflað sér, jafnt í Bandaríkjunum, Indlandi, Kína, Indónesíu, Rússlandi, ríkjum Afríku, sem og í öðrum löndum heims.

Al Gore fjallaði á fundinum einnig um áhyggjur sínar af þeim breytingum sem kunna að vera að gerast í heimshöfunum, einkum á norðlægum hafsvæðum en þær gætu haft hrikalegar afleiðingar fyrir loftslag jarðarinnar, lífríki hafsins og lífshætti þjóða um allan heim, ekki síst þeirra sem byggt hafa afkomu sína á auðæfum hafsins.

22. september 2006

*Nánari upplýsingar veita Skrifstofa forseta Íslands (540 4400) og Örnólfur Thorsson forsetaritari (896 3028). Mynd frá fundi forseta með Al Gore má nálgast á heimasíðu embættisins.*